

# EFTIRLITSSKÝRSLA

ÞÓRODDUR EHF.

---

Dagsetning	11.11.2011	Fulltrúi UST	Gísli Jónsson
Fyrirtæki	Þóroddur ehf.	Starfsleyfi, gildir til 31. maí 2027	
Heimilisfang	Eyrargötu 1, Patreksfjörður	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500604-3790	Fulltrúar fyrirtækis	Jón Örn Pálsson
Isat nr.		Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Starfsemi	Fiskeldi (3000t lax/398t þorsk)		

---

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirliti komu í ljós tvö frávik frá starfsleyfi. Annars vegar er staðsetning eldiskvíá ekki í samræmi við starfsleyfi og hins vegar hafði fyrirtækið ekki skilað neyðaráætlun til Umhverfisstofnunar. Gerð var ein athugasemd um meðhöndlun lífræns úrgangs

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var með bát út að fiskeldiskvíum fyrirtækisins og staðsetning þeirra mæld með GPS tækjum.

Farið var yfir nýtt starfsleyfi og ákvæði þess, m.a. um birtingu eftirlitsskýrslna, skil á gögnum, grænt bókhald, vöktunaráætlun og neyðaráætlun.

Fulltrúum rekstraraðila kynntar vinnureglur Umhverfisstofnunar um birtingu eftirlitsskýrslna á netinu.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

**Frávik 1:** Umhverfisstofnun hafði fengið ábendingu um að eldiskvíar Þórodds væru ekki staðsettar á þeim svæðum sem þeim eru heimilaðar skv. starfsleyfi. Tekin var gps ferill kringum kvíarnar og í ljós kom að ábendingin reyndist vera rétt. Staðsetning kvíana er hérumbil 65°38'43,37"N, 23°54'36,46"W sem er töluvert fyrir utan svæðin sem tilgreind eru í starfsleyfi. Fulltrúi fyrirtækisins sagði að þetta hafi verið sú staðsetning sem þeir byrjuðu laxeldið á og ekki hafi gefist tími til að færa kvíarnar.

### Frávik frá grein 1.2 í starfsleyfi.

**Frávik 2:** Fyrirtækið átti að skila inn drögum af neyðaráætlun fyrir 1. júlí 2011. Neyðaráætlun þarf að vera tiltæk ef til kemur óvænt rekstrastöðvun. Neyðaráætlun var send í tölvupósti til stofnunarinnar sama dag og eftirlitið fór fram.

### Fráviki frá grein 4.5 í starfsleyfi.

**Athugasemd 1:** Hingað til hefur dauðfiskur verið settur í meltu. Skv. fulltrúa fyrirtækisins er ekki farvegur fyrir þennan lífræna úrgang hjá sveitarfélaginu. Fyrirtækið hefur verið skoða möguleika með að nýta meltuna sem lífrænan áburð á jörðum í nágrenninu. Fyrirhugað er að senda nýtanlegan sláturúrgang í loðdýrafóður. Fyrirtækið þarf að finna farveg fyrir allan lífrænan úrgang sem verður til við framleiðsluna sérstaklega áður en fyrirtækið verður komið í fullan rekstur og áður hann fer að safnast upp í miklu magni.

### Önnur atriði:

Farið var yfir helstu þætti starfsleyfis. Rætt um kröfur í grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi. Þegar farið var út að laxeldiskvíunum þá var einnig farið að tómun þorskeldiskvíum á svæði tA í starfsleyfi. Ekkert þorskeldi hefur verið á þessu ári hjá fyrirtækinu. Engar eldi er á Patreksfirði eða svæðum tB eða tC í Tálknafirði

Fyrirtækið á að skila vöktunaráætlun fyrir 31. desember 2011. Fulltrúi fyrirtækisins sagði að Náttúrustofa Vestfjarða væri nánast búin að klára áætlunina sem verður skilað fyrir áramót.

Reykjavík, 29/12/2011

---

Undirskrift eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.